

# Hverfisnefnd Naustahverfis

## 52. fundur, 17. okt. 2013

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 18:15 – 19:15

Mættir: Bjarni Sigurðsson, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gísli Rúnar Magnússon

Fundargerð ritaði Gísli Rúnar Magnússon

### 1. Skipulag aðalfundar Naustahverfisnefndar

Stefnt að því að halda hann fimmtudaginn 07.11.2013 kl. 20:00 í Naustaskóla.

Gísli ræðir við Ágúst skólastjóra um lán á skólanum og Bjarni græjar veitingar.

Pétur Bolli er jákvæður fyrir því að kynna þriðja áfanga Naustahverfis, en getur þó ekki gefið 100% svar fyrir en formaður skipulagsnefndar kemur úr fríi eftir helgi.

Reyna að fá einhvern til að koma og kynna hugmyndir að nýja leikvellingum við Ljómatún.

Bjarni ræðir við Jón Birgi hvort hann getur útvegað einhvern í það, jafnvel hönnuðinn.

Gísli pantar pláss fyrir auglýsingu í Dagskránni og lætur þá útbúa auglýsingu og birta hana miðvikudaginn 6. nóv. Þurfum líka að finna út hvað sé löglega boðaður fundur. Ætli sé nóg að setja smáauglýsingu í Dagskránnu viku fyrir? Ef ekki þá prófum við kannski að fá póstin eða póstdreifingu til að dreifa auglýsingu viku fyrir til að fundurinn sé löglega boðaður.

### 2. Önnur mál

Rætt vítt og breitt um málefni hverfisins.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið.